

## Iðnaðar og tækjadeild

### Ágætu félagar!

Að venju verður á þessum aðalfundi farið yfir það helsta sem gerst hefur á liðnu starfsári. Haldnir hafa verið fjórir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var 12. febrúar 2018.

Ýmis mál hafa verið rædd á þessum fundum, en aðalmálið hefur verið undirbúningur kjarasamningagerðar.

Mikil og góð vinna fór fram á árinu við undirbúning kröfugerðar vegna kjarasamninganna. Haldnir voru 31 opnir fundir með um 40 starfsgreinum á félagssvæðinu þar sem farið var yfir kröfur sérstakra hópa og vinnustaða. Félagið fór í þessa miklu vinnu til að ná fram sem bestum upplýsingum um vilja félagsmanna. Í könnun sem framkvæmd var í vor var spurt um almenn atriði í kröfugerðina en á þessum fundum var verið að ræða sérkröfur hópa eða vinnustaða. Fyrir síðustu samninga gafst vel að nota þessa aðferð og það sama var upp á teningnum nú. Hátt í 2.000 félagsmenn komu að þessari vinnu.

Á fundi samninganefndar í september voru skipaðir ábyrgðaraðilar félagsins í samningsviðræðunum við SA. Þar var ég skipaður ábyrgðaraðili gagnvart tækjamönnum og bílstjórum, Gunnar Magnússon gagnvart byggingarverkamönnum og Eyrún Halla gagnvart iðnverkafólki. Búið er að halda fjölmarga fundi í undirhópum einstakra starfsgreina sem m.a. við þrjú sitjum í.

Búið er að halda fjölmarga viðræðufundi með Samtökum atvinnulífsins en lítið er hægt að segja um gang viðræðna

nema að þær mjakast áfram og að ekki er enn búið að vísa deilunni til Ríkissáttasemjara.

Í apríl komu saman á fjórða tug bifreiðastjóra og tækjastjórnenda á fræðsludegi á vegum Starfsgreinasambandsins til að ræða sín mál og koma áherslum á framfæri. Þar af mættu sex frá Einingu-Iðju, en fulltrúarnir voru frá 10 aðildarfélögum Starfsgreinasambandsins um allt land og eru flestir starfandi bílstjórar.

Þarna var farið yfir endurmenntunarmál og ábyrgð bílstjóra, kjaramálin voru augljóslega í brennidepli og vinnuvernd svo eitthvað sé nefnt. Áherslur fyrir komandi kjarasamninga voru ræddar sérstaklega og var starfsumhverfi, ábyrgð og reynsla ofarlega á baugi.

Í apríl var einnig haldinn árlegur fræðsludagur félagsins, en hann fór fram í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit. Þarna voru mættir trúnaðarmenn og aðrir sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið, um 100 manns. Dagskráin hófst kl. 10 um morguninn og lauk um kl. 17. Ekki er búið að taka ákvörðum um hvenær fræðsludagurinn í ár verður en sennilega verður það um miðjan september, það verður auglýst með góðum fyrirvara.

Í lok október fór fram 43. þing ASÍ í Reykjavík, en þingið sem bar yfirskriftina Sterkari saman! stóð yfir í þrjá daga. Seturétt á þinginu áttu alls um 300 þingfulltrúar, en þar af voru níu frá Einingu-Iðju.

Fyrir þingið fóru starfsmenn ASÍ í tvær hringferðir um landið og héldu fundi til að undirbúa þingið. Hér fyrir norðan fór fyrri fundurinn fram á Akureyri í maí og sá seinni á Húsavík í

september. Um 30 félagsmenn mættu á þessa fundi þar sem fjallað var um Tekjuskiptingu og jöfnuð, tækniþróun og skipulag vinnunnar, jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs og húsnæði- og velferðarmál.

Aðalstjórn félagsins ákvað að framkvæma aftur sambærilega kjara- og viðhorfskönnun og framkvæmd hefur verið ár hvert frá árinu 2011. Óhætt er að segja að mikil ánægja er með þjónustu félagsins og félagið sjálft. Niðurstöðu könnunarinnar má finna á heimasíðu félagsins.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldin nokkur námskeið, t.d. dyravarðanámskeið, starfslokanámskeið og trúnaðarmannanámskeið. Önnur námskeið voru auglýst en ekki tókst að fá lágmarkfjölda á þau.

Ef einhverjir eru með hugmyndir að námskeiðum sem þeir hafa áhuga á, er um að gera að koma því á framfæri við Önnu varaformann félagsins.

Ég vil minna á að félagsmenn geta hvenær sem er haft samband við ráðgjafana í SÍMEY og fengið hjá þeim ókeypis ráðgjöf.

Ég minni fólk á að orlofsblaðið kemur út í byrjun mars. Í sumar verður boðið upp á mikið úrval sumarhúsa eins og undanfarin ár.

Nýlega rann út frestur til að senda inn umsókn fyrir íbúðina á Spáni, sem er orlofskostur fyrir félagsmenn næsta sumar og kynntur var í jólablaði félagsins. Alls sóttu 30 félagsmenn um leigurnar níu sem í boði eru, tvær vikur í senn. Úthlutað verður í

vikunni og því eiga þeir sem sóttu um að fá svar frá félaginu á næstu dögum.

Áfram verður boðið upp á Orlof að eigin vali. Styrkurinn í ár verður kr. 25.000 sem er hækkun um kr. 1.000. Alls verða 300 styrkir í boði í ár. Sækja þarf um styrkinn eins og orlofshúsin, þ.e. fyrir 3. apríl nk.

Eins og undanfarin ár verða þrjár ferðir í boði. Síðast þegar ég vissi voru laus tvö sæti í utanlandsferðina til fjögurra landa í ágúst. Um eru að ræða tvö aukasæti sem félagið fékk því uppselt var orðið í ferðina.

Rúmlega 50 skráningar eru komnar í ferð sem farin verður til Grímseyjar 23. júní og því er ekki eftir neinu að bíða með að skrá sig fyrir þá sem hug hafa á að fara með, því bæði er um að ræða lágmarks- og hámarksfjölda í ferðina. Síðar verður auglýst hvenær byrjað verður að skrá í hina árlegu eins dags ferð fyrir aldraða félagsmenn sem farin verður 27. júní.

Á skrifstofum félagsins verður áfram hægt að kaupa útilegu- og veiðikort á niðurgreiddu verði, ásamt gistimiðum á Keahótelin, Fosshótelin og Edduhótelin.

Ég minni líka á varðandi sumarúthlutun orlofshúsa að nú er bara tekið við rafrænum umsóknum í gegnum félagavefinn þegar sótt er um sumarhús og „Orlof að eigin vali.“ Ef einhver þarf á að halda er hægt að mæta á skrifstofurnar og fá aðstoð við að sækja um.

Á félagavefnum geta félagsmenn líka skoðað punktastöðu og punktasögu, greiðslusögu vegna bóta og styrkja ásamt úthlutunarsögu vegna orlofshúsa. Einnig er þar hægt að skoða

upplýsingar um stöðu orlofshúsa, sækja um, bóka yfir vetrartímamann og greiða fyrir orlofshús með greiðslukorti.

Ég vil enn og aftur minna á heimasíðu félagsins, ein.is, þar sem má m.a. nálgast gagnlegar upplýsingar um félagið, kjaramál, fræðslumál og réttindi launafólks. Síðan er vel virk og vel sótt af félagsmönnum og öðrum. Hægt er að skrá sig á póstlista á síðunni og fá þannig nýjustu fréttir sem á hana koma beint í æð. Því má bæta við að ný heimasíða félagsins fer í loftið eftir nokkra daga. Áherslur og ásýnd hafa verið gerð nútímaleg og snjalltækjavæn en síðan er hugsuð út frá þörfum notandans. Tekið var til í leiðakerfinu þannig að vefurinn verður auðskiljanlegri og notast við hugtök og yfirflokka sem leiða notandann áfram á enn þægilegri hátt en núna. Stór valmynd gefur góða yfirsýn yfir innihald og verður aukaefni og tengiliðir birtir þar sem við á til að auðvelda næstu skref. Fyrir utan auðveldari flokkun og þægilegri vef að vafra þá verður auðveldara að hafa samband, augljóst hver tengiliður er varðandi ákveðin atriðið og leitarvélin endurbætt.

Félagið er með virka síðu á Facebook svo þið megið alveg endilega gefa okkur eins og eitt like á þá síðu og svo er um að gera að deila henni svo fleiri félagsmenn viti af henni.

Í vetur hafa starfsmenn félagsins á kjarasviði, Björn formaður, Anna varaformaður, Eyrún þjónustufulltrúi eða Hafdís lögfræðingur og þjónustufulltrúi, verið með fasta viðtalstíma á skrifstofum félagsins á Dalvík og Fjallabyggð og einnig í Hrísey og Grenivík. Mismikil aðsókn hefur verið í þess tíma og verður þessi þjónusta endurskoðuð með vorinu.

**Stjórn deildarinnar var þannig skipuð fyrir síðasta starfsár:**

Formaður	Ingvar Kristjánsson	Isavia
Varaformaður	Svavar Magnússon	Sæplast Dalvík
Ritari	Gunnar Magnússon	Hyrnu
Meðstjórnendur	Rannveig Kristmundsdóttir	Prjónastofa Akureyrar
	Páll Brynjar Pálsson	Samskip
	Þormóður Sigurðsson	Vélfag Ólafsfirði
	Þór Jóhannesson	TDK Foil Iceland
	Steinar Ingi Gunnarsson	SS Byggir
	Hjörtur Þór Hjartarson	HBA

**Fyrir næsta starfsár verða eftirtalin í stjórn til eins árs:**

Varaformaður	Svavar Magnússon	Sæplast Dalvík
Meðstjórnendur	Rannveig Kristmundsdóttir	Prjónastofa Akureyrar
	Þormóður Sigurðsson	Vélfag Ólafsfirði

Í ár verður kosið um formann, ritara og þrjá meðstjórnendur til tveggja ára. Einnig þarf að kjósa einn meðstjórnanda til eins árs.

**Eftirfarandi gefa kost á sér til tveggja ára:**

Formaður	Ingvar Kristjánsson	Isavia
Ritari	Gunnar Magnússon	Hyrnu
Meðstjórnendur	Ólafur Ólafsson	TDK Foil Iceland
	Hjörtur Þór Hjartarson	HBA
	Óðinn Björnsson	Eimskip

**Til eins árs:**

Meðstjórnandi	Símon Hrafn Vilbergsson	SBA Norðurleið
---------------	-------------------------	----------------

Ég vil þakka Páli, Þór og Steinari sem nú láta af stjórnarstörfum, fyrir ánægjulegt samstarf.

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem ég hef starfað með á liðnu ári fyrir ánægjulegt samstarf og viðkynningu og þá ekki síst Eyrúnu Höllu Eyjólfsdóttur, starfsmanni deildarinnar.

Takk fyrir.